



## Agastefna Undralands

-Verum góðar fyrirmyndir í orði og á borði-

Aðalmarkmið agastefnu er að styrkja starfsfólk við að veita uppbyggilega leiðsögn og að samræma vinnubrögð þess. Grundvallaratriði er að styrkja og ýta undir jákvæða hegðun barna og þar með að að draga úr eða fyrirbyggja óæskilega og erfiða hegðun. Til þess að ýta undir jákvæða hegðun notum við m.a. skýr fyrirmæli, félagsfærnisögur, hvatningu og lýsandi hrós. Öllum börnum, aðstandendum þeirra og samstarfsfólki er sýnd virðing, vinátta er eflid og er leikurinn hafður að leiðarljósi í öllum okkar aðgerðum.

Markmið agastefnunnar er einnig að stuðla að sameiginlegum skilningi foreldra og starfsfólks á því hvað getur orsakað óæskilega hegðun, hvernig má bregðast við og fyrirbyggja. Leiðir agastefnunnar er þó alltaf hafðar að leiðarljósi.

Félagsproski er undirstaða samskipta barna og því er eitt mikilvægasta hlutverk okkar í Undralandi að efla hann. Góð félagsfærni felst meðal annars í því að börnin geti tjáð sig, hlustað og sett sjálfum sér og öðrum mörk og virt mörk annarra.

Teymi leikskólakennara í Undraland sá um að móta stefnuna og var einnig leitað eftir hugmyndum frá starfsfólki og stefnan lögð fyrir foreldraráð.

### *Af hverju agastefna ?*

Börn á leikskólaaldri hafa misjafna styrkleika og veikleika og öll eru þau að læra samskipti. Til þess þurfa þau að að æfa sig oft og í margvíslegum aðstæðum. Þau eru mismengi að læra og tileinka sér leikni í samskiptum og við verðum að gefa þeim þann tíma sem þau þurfa.

Hegðun er lærð hvort sem hún telst rétt eða röng. Agastefna er verkfæri til að styrkja og styðja starfsfólk og börn [AEV1] í daglegu starfi með samræmdum viðmiðum og verklagi.

### *Agastefna Undralands snýst um*

- ★ Að borin sé virðing fyrir börnum og samstarfsfólki
- ★ Að við skiljum ástæðuna á bak við hegðun hverju sinni
- ★ Að fyrirbyggja óæskilega hegðun
- ★ Að samræma viðbrögð við óæskilegri hegðun
- ★ Að við séum samtaka og samstíga að styrkja jákvæða hegðun
- ★ Að allir viti til hvers er ætlast af þeim
- ★ Að auka sjálfsöryggi barna og starfsfólks
- ★ Að nýta daglegar athafnir til kennslu
- ★ Að börnin fái að byrja með hreint borð þegar óæskilegri hegðun er hætt



- ★ Að börnin séu hvött til að sýna samkennd
- ★ Að börnin læri að setja sér mörk og virða mörk annarra
- ★ Að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel

### *Leiðir til árangurs*

- Þegar börn sýna óæskilega hegðun er mikilvægt að skilja ástæðuna að baki. Alltaf þarf að taka mið af færni og þroska barnanna.
- Tökum eftir því jákvæða í leik og starfi barnanna. Verum óhrædd við að hvetja og hrósa á lýsandi og skýran hátt svo börnin viti þegar vel gengur.
- Starfsmaður verður að vera til staðar með barnahópnum til að geta gripið inn í og leiðbeint ef upp koma vandamál og fyrirbyggja þannig óæskilega hegðun.
- Ræðum við barnið og reynum fá það til að útskýra/segja frá hvað gerðist og af hverju og reyna að finna út hvað hefði mátt gera betur.
- Stundum getur verið nauðsynlegt að bjóða börnum að koma úr aðstæðum sem þau ráða ekki við og fá önnur viðfangsefni.

### *Skýr fyrirmæli eru mjög mikilvæg*

- Gefa þarf börnum skýr fyrirmæli um hvað á að gera og taka verður mið af aldri og þroska hvers og eins. Þau fá viðbragðsfrest (ca 10 sek) og ef þarf eru fyrirmælin endurtekin og aftur gefinn viðbragsfrestur (ca 10 sek). Við þriðju ítrekun er börnum boðið að gera sjálf eða fá aðstoð við að fylgja fyrirmælunum. Beri viðbrögðin ekki árangur getur þurft að grípa til þess að taka börnin úr aðstæðum.
- Látum vita hvað má / er ætlast til og forðumst „ekki“ - setningar.
- Ekki gefa val ef það er ekki í boði t.d viltu fara út? ef ætlast er til að barnið *fari út*.
- Virðing er borin fyrir væntingum og þörfum barna.

### *Leiðir kennara til að auka sjálfstæði og þroska barnanna*

- Við notum hrós og hvatningu, sýnum hlýtt viðmót og höfum fyrirmæli skýr, notum sjónrænt skipulag og leggjum áherslu á leiðir úr vináttuverkefni Barnaheilla.
- Virk hlustun er virðing við börn. Með virkri hlustun leitumst við við að finna út hvað er að því grátur er tjáningarleið ungra barna og að baki hans liggur einhver ástæða.
- Börn eru ólík og mikilvægt er að gera raunhæfar kröfur til hvers og eins.
- Bjóðum val þegar kostur er á.

### *Lykilorðin okkar:*



- ★ Viltu hjálp ?
- ★ Get ég aðstoðað ?
- ★ Ertu að ruglast .....
- ★ Það gengur betur næst.
- ★ Gleymdir þú þér?
- ★ Allir ruglast einhvern tímann.
- ★ Nú er gott að stoppa og hugsa
- ★ Gott að þú hafðir stjórn á þér þegar.....
- ★ Ég sé að þú hefur verið að æfa þig.
- ★ Reyndu fyrst sjálf/ur svo hjálpa ég þér.
- ★ Gott þú reyndir.
- ★ Gaman að sjá þig .....
- ★ Verum góð hvort við annað.
- ★ Þú stendur þig vel.....
- ★ Skiptast á —leika saman.
- ★ Vá dugleg/ur að .....
- ★ Vel gert.